

Mánaðaryfirlit

Hagfræði og greining ASÍ

Febrúar 2023




9,9% verðbólga í janúar

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,85% milli mánaða samkvæmt tölum Hagstofunnar sem birtar voru í byrjun vikunnar. Verðbólga á ársgrundvelli hækkar um 0,3 prósentur og mælist 9,9% í janúar. Sé horft framhjá áhrifum húsnæðis hækkaði vísitalan um 0,88% milli mánaða og mælist verðbólga þá 8,8%.


Mikil áhrif skatta og opinberra gjalda

Hækkun vísitölunnar í janúar skýrist að stórum hluta af hækkingunum skatta og opinberra gjalda sem tóku gildi á áramótum. Má þar nefna breytingar á vörugjöldum og ívilnunum vegna bílakaupa sem leiddu til 9,8% hækkunar á verði nýrra bíla (0,52% vísitöluáhrif). Þar til viðbótar hækkaði áfengi og tóbak um 5,5% (0,13%).

Verðbólguþróun 2012-2022



Breytingar á vísitölu neysluverðs í janúar



Aðrir liðir sem vógu þungt í hækkun vísitölnunnar voru 2% hækkun á verði matar og drykkjarvara (0,3%) sem að miklu leyti skýrðist af verðhækkunum á mjólkurvörum.


Algengt er að verðlag lækki í janúar sökum útsöluáhrifa, en í janúar voru áhrif hækkana yfirsterkari áhrifum sem gjarnan verða af útsölum. Engu að síður mældust lækkarnir á mörgum liðum, t.d. lækkaði verð á fatnaði og skóm um 8,4% (-0,29% vísitöluáhrif), á húsgögnum og heimilistækjum um 4,4% (-0,1%),

á raftækjum um 6,2% (-0,12%). Þar til viðbótar lækkaði verð á flugfargjöldum milli mánaða.

Húsnæði og bensínverð enn ráðandi í ársverðbólgunni.

Á ársgrundvelli mælist 9,9% verðbólga í janúar og hækkar því að nýju eftir að hafa náð hápunkti um mitt síðasta sumar. Þrátt fyrir að opinber gjöld og skattar vegi þungt í mánaðarbreytingu vísitölnunnar eru það að mestu leyti einskiptishækkarnir sem taka gildi í janúar ár hvert. Sé horft á ársverðbólgu eru aðrir þættir

Vísitala neysluverðs eftir uppruna




sem veða mun þyngra, má þar nefna áhrif húsnæðiskostnaðar.

Á ársgrundvelli hefur opinber þjónusta hækkað um 7,5% (4,22% milli mánaða) eða minna en almenn verðbólga. Til samanburðar hefur dagvara hækkað um 10% milli ára (1,9% í janúar). Dreigið hefur úr hækkunum í þeim liðum sem drifið

verðbólgu undanfarin misseri. Þannig hækkaði eldsneytisverð um 0,71% milli mánaða en hefur hækkað um 24% milli ára. Sama á við um hækkun á húsnæðiskostnað sem hækkaði um 0,45% milli mánaða en hefur hækkað um 15,9% milli ára.



Þróun húsnæðis og hrávöruverðs



Forsendur fyrir hjöðnun verðbólgu

Þrátt fyrir aukna verðbólgu í upphafi árs eru forsendur fyrir að draga muni úr verðbólgu með hækkandi sólu. Í febrúar munu útsöluáhrif ganga til baka en mánuðina eftir er líklegt að viðsnúningur á húsnæðismarkaði muni hafa nokkur áhrif til hjöðunar verðbólgu.

Húsnæðisverð hækkaði umtalsvert á fyrri hluta síðasta árs, eða um 16% á fyrstu sex mánuðum ársins. Áhrif þessa komu fram í 13% hækkun


á reiknaðri húsaleigu í vísitölu neysluverðs á sama tímabili.

Framlag reiknaðrar húsaleigu til hækkunar vísitölnnar var einungis 0,09 í janúar og skýrðist það af auknum fjármagnskostnaði en ekki vegna hækkun eignaverðs.

Viðsnúningur er merkjanlegur á húsnæðismarkaði en húsnæðisverð lækkaði í nóvember og desember. Verulega hefur dregið úr umsvifum á



Húsnæðismarkaður, greiðslubyrði og útlán



á húsnæðismarkaði sem birtist í minni veltu á húsnæðismarkaði, lengri sölutíma eigna og fækkun viðskipta yfir ásettu verði.

Rekja má hægari gang á húsnæðismarkaði til aðgerða Seðlabankans, annars vegar hækkunar stýrivaxta og hins vegar takmörkunar á útlánnum og þrengri lántökuskilyrðum. Hátt eignaverð og mikil hækkun stýrivaxta hafa gert

innkomu fyrstu kaupenda á húsnæðismarkað erfiða og takmarkað getu heimila til aukinnar skuldsetningar. Þannig hefur greiðslubyrði óverðtryggðra lána hækkað hratt og er um 350 þúsund krónur á óverðtryggðu láni til kaupa á meðaleign á höfuðborgarsvæðinu m.v. 80% skuldsetningu. Greiðslubyrði af sama láni væri um 200 þúsund væri það verðtryggt. Þessi þróun hefur ýtt undir töku



verðtryggðra lána.

Til viðbótar við breyttar horfur á húsnæðismarkaði er einnig útlit fyrir að alþjóðlegt hrávöruverð hafi náð hápunkti, en undanfarna mánuði hefur verð á hrávöru farið lækkandi. Í desember mældist olíuverð um þriðjunglægra en í júní ásamt því að matvara, landbúnaðarvara, iðnaðarvara og málmar höfðu lækkað um á bilinu 5-18% í verði.




Auðlindarenta í sjávarútvegi var 56 milljarðar árið 2021

Hagstofan birti nýverið tölur um afkomu í sjávarútvegi fyrir árið 2021. Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagskostnað og tekjuskatt (EBITDA) jókst um 10 milljarða á árunum 2020-2021, eða úr 79 milljörðum árið 2020 í tæpa 89 milljarða árið 2021. Sem hlutfall af tekjum nam EBITDA 34,8%.

Mæld auðlindarenta í greininni jókst um 5,1 milljarð milli ára og var alls 56 milljarðar á árinu 2021.

Auðlindarenta hefur því ekki mælst hærri í greininni frá árinu 2012 þegar hún var 58 milljarðar. Veiðigjald ársins 2021 var um 8 milljarðar eða um 14% af auðlindarentu. Með auðlindarentu er átt við þá arðsemi

Auðlindarenta og veiðigjöld á föstu verðlagi



sem verður til vegna þess að stjórnvöld hafa takmarkað aðgengi að auðlindinni, þ.e. með aflaheimildum. Auðlindarentan byggir á því að skoða þær tekjur sem til verða í starfseminni og draga frá kostnaðinn, þ.e. laun og aðföng en einnig svokallaða árgreiðslu sem tekur tillit til eðlilegrar arðsemi fjármagns vegna fjárfestinga í greininni. Sú arðsemi sem eftir stendur eftir kostnað eðlilega arðsemi fjármagns kallast auðlindarenta.

Eigið fé jókst um 100 milljarða

Í tölum Hagstofunnar er einnig að finna samantekt á efnahagsreikningum í sjávarútvegi. Alls námu heildareignir sjávarútvegsfyrirtækja 953 milljörðum í árslok 2021 og hafa aukist um 361 milljarða frá árinu 2015. Eigið fé nam 433 milljörðum á síðasta ári, þ.e. heildareignir að frádregnum skuldum, og jókst um 100 milljarða frá fyrra ári.

Eignir sjávarútvegs

Eignar og eigið fé

Eiginfjárhlutfall

